Málsnr. R19040028
Skjalasafn Ráðhúss
17. maí 2019
Bréfalykill: 61360

Reykjavíkurborg
Thódóra Sigurðardóttir
Ráðhúsinu
101 Reykjavík

SAMGÖNGU- OG
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgotu 7 101 Reykjavík
sími: 545 8200 postur@srn.is srn.is

Reykjavík 14. maí 2019
Tilv.: SRN19010020/3.0

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið hefur móttekið bréf yðar dags. 16. apríl sl. þar sem þér sendið tillögu frá fundi borgarstjórnar þann 2. apríl 2019. Áskoruninni er varðar 1. tl. tillögunnar hefur verið komið á framfæri. Í ráðuneytinu er unnið að frumvarpi sem ætlað er að fella burt takmarkanir á hámarksfjölda leigubíla. Áætlað er að leggja frumvarpið fram á Alþingi í nóvember 2019.

Fyrir hönd ráðherra

Sigurbergur Björnsson    Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir

Reykjavíkurborg
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Reykjavík, 16. apríl 2019
R19040028

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
B.t. Sigurðar Inga Jóhannssonar
Sölvhólsgötu 7
101 REYKJAVÍK

Á fundi borgarstjórnar þann 2. apríl 2019 var svohljóðandi tillaga borgarráðsfulltrúa Samfylkingar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna samþykkt með 21 atkvæði Sjálfstæðisflokksins, Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata, Vinstri grænna og Flokks fólksins gegn einu atkvæði borgarfulltrúa Miðflokksins.

> 1. Reykjavíkurborg skorar á ráðherra að fella burt takmarkanir á hámarksfjölda umhverfisvænna leigubíla á höfuðborgarsvæðinu. 2. Reykjavíkurborg lýsir því yfir að þeir aðilar sem hyggjast bjóða upp á leigu á reiðhjólum og léttum rafknúnum farartækjum séu velkomnir til Reykjavíkur. Umhverfis- og skipulagssviði er falið að fylgjast með þróun mála og gera, eftir þörfum, tillögur að reglum fyrir slíka starfsemi til að tryggja gæði og stýringu. 3. Unnið skal að því á vettvangi skipulags- og samgönguráðs að uppfæra reglur um bílastæðafríðindi visthæfra deilibíla til að styðja við notkun þeirra.

Með bréfi þessu er áskoruninni sem fram kemur 1. tl. tillögunnar hér að ofan komið á framfæri við ráðherra.

Fyrir hönd skrifstofu borgarstjóra og borgarritara,

Theódóra Sigurðardóttir